

Rangárþing ytra  
Laufskálar 2  
850 HELLA

Garðabær, 29. mars 2023  
Málsnúmer: 202302-0013  
BK/OKV/RT/SS

## Efni: Umsögn um skipulagslýsingu aðalskipulagsbreytingar fyrir skógræktarsvæði í Rangárþing ytra.

Vísað er til tölvubréfs Skipulags- og byggingafulltrúa Rangárþings Ytra, dags. 7. febrúar 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands við skipulagslýsingu vegna aðalskipulagsbreytingar fyrir skógræktarsvæði á 10 stöðum innan Rangárþings ytra: Akurbrekka, Ártún, Bjalli I, Galtalækur, Geitasandur, Heiðarbakki, Maríuvellir, Minna-Hof, Vindás og Ölversholt

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur kynnt sér skipulags- og matslýsinguna og vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri:

### Almennar athugasemdir:

Náttúrufræðistofnun telur það jákvæða nálgun að áhrif skógræktaráforma séu metin fyrir margar jarðir í einu innan eins sveitarfélags en með því fæst heildstæðara mat á áhrifum skipulagsbreytingarinnar á umhverfisþætti á því landsvæði sem breytingin nær til. Þar sem hver einstök skógræktarframkvæmd nær ekki stærðarviðmiðum umhverfismats framkvæmda er mikilvægt að nota skipulagsferlið til að meta umhverfisáhrifin. Með þessari skipulagsbreytingu stækka fyrirhuguð skógræktarsvæði samanlagt í 1914 ha úr 1060 eða um tæplega 854 ha og því í heild um mjög stórt svæði að ræða. Ef svæðið væri samfellt væri framkvæmdin háð mati á umhverfisáhrifum framkvæmda.

Við rýni á skipulagslýsingunni hefði verið hjálplegt að henni fylgdu kort sem sýndu umrædd svæði í stærra skala, að nöfn jarðanna kæmu skýrt fram á kortum og að jafnframt kæmi fram afmörkun á núverandi og fyrirhuguðum skógræktarsvæðum innan viðkomandi jarða og í nágrenni þeirra.

Af loftmyndum má greina að skógrækt er nú þegar stunduð á mörgum þeim jarða sem umrædd skipulagsbreyting nær til þótt lýsingin bendi ekki til þess. Þá vaknar spurningin hvort til standi að stækka þessi skógræktarsvæði og brjóta nýtt land undir skógrækt eða hvort verið er meta áhrif áforma þegar framkvæmdir eru margar hverjar löngu hafnar og geta í vissum tilvikum þegar hafa rýrt verndargildi náttúruintra á viðkomandi svæðum.

Í lýsingu er tekið fram að ætlunin er að rækta skóg til nytja, landgræðslu og útivistar. Náttúrufræðistofnun telur afar brýnt að áður en ákvarðanir um umtalsverða skógrækt séu teknar á svæðum sem ekki eru vaxin skógi í dag, verður að leggja mat á hver áhrif skógræktarinnar verða á umhverfið en ljóst er að með skógrækt verður mikil breyting á eðli þess lands sem skógurinn er ræktaður á. Það getur haft margs konar áhrif á náttúru og þar vill Náttúrufræðistofnun leggja sérstaka áherslu á áhrif á fuglalíf annars vegar og gróðurfar hins



vegar en einnig verður að minnast á sjónræn áhrif á landslag þar sem skógræktin er einkum áformuð á svæðum sem í dag einkennast af graslendi eða vel grónum hraunum. Mikil breyting verður því á ásýnd lands við skógræktina.

#### Almennar ábendingar um áhrif á gróðurfar

Í skipulagslýsingu er gerð grein fyrir vistgerðum á þeim jörðum sem skógrækt er fyrirhuguð en af lýsingunni að dæma er víða um vel gróið land að ræða og í þónokkrum tilvikum landvistgerðir með hátt til mjög hátt verndargildi sem margar hverjar hafa jarðveg með ríkan kolefnisforða. Að mati Náttúrufræðistofnunar ætti fyrirhuguð skógrækt að taka mið af verndargildi vistgerða og ástandi lands á hverri jörð fyrir sig. Vistgerðakort gefur góða vísbendingu um vistgerðir á hverju svæði fyrir sig en í mörgum tilvikum getur reynst nauðsynlegt að kanna betur útbreiðslu vistgerða fyrir viðkomandi svæði.

Engin framkvæmdalýsing fylgir skipulagsbreytingunni um það hvernig eigi að haga skógræktinni, hvaða aðferðum verði beitt (plægingu o.þ.h.) né hvaða tegundir verði notaðar. Þetta þarf að liggja fyrir þegar mat á umhverfisáhrifum skipulagsbreytingarinnar verður unnið því þekkt er að innfluttar trjátegundir hafi tilhneigingu til að verða ágengar og geti þar með haft áhrif á gróður og vistkerfi langt út fyrir skógræktarsvæði. Auk þess geta plógför í landi verið sýnileg um langan tíma.

Náttúrufræðistofnun vill benda á að náttúruleg vistkerfi eru í sjálfu sér mörg vel til þess fallin að binda kolefni, sérstaklega mýrlendi og frjósamt graslendi líkt og língresis- og vingulsvist sem líklegt er að töluvert sé af á viðkomandi svæðum. Graslendisvistkerfi eru með frjósömustu vistkerfum jarðarinnar með mikla lífræna virkni og mikla kolefnisbindingu í jarðvegi sem er mun varanlegri binding samanborið við í ofanjarðarlífmassa plantna, þ.m.t. trjáplantna. Þá eru þau oft tegundafjölbreytt. Enn er mörgum spurningum ósvarað um áhrif skógræktar á vistkerfi, þ.m.t. kolefnisbindingu, en margir þættir spila þar inn í sem tengjast bæði náttúrufari og þeim aðferðum sem beitt er við skógrækt. Þegar litið er til langs tíma er því nokkur óvissa um að skógrækt á svæðinu muni auka kolefnisbindingu og þá hve mikið, nema á rýrari vistgerðum eins og á melum og söndum.

Horfa þarf til þess að vistkerfi barrskóga eru, öfugt við graslendi og opna birkiskóga, með rýran botngróður og nokkuð frábrugðna jarðvegseiginleika sem aftur gæti haft neikvæð áhrif á bindingareiginleika jarðvegs. Í því samhengi er nokkur óvissa um hvort og hve mikil kolefnisbinding í jarðvegi verður umfram þá bindingu sem nú á sér stað í þeim frjósömu vistgerðum sem eru til staðar. Þá er ekkert talað um mótvægisáðgerðir til að vega upp á móti mögulegum neikvæðum áhrifum skógræktar, svo sem útbreiðslu framandi tegunda út fyrir skógræktarsvæði, eyðingu búsvæða, ásýndaráhrif o.s.frv.

Vel má rökstyðja þær landbætur sem skógrækt getur haft á örfoka landi og sandsvæðum til að hefta áfok og jarðvegseyðingu en þá þarf jafnframt að huga vel að vali á þeim tegundum sem notast á við í ljósi þeirra ábendinga sem hér hefur verið farið yfir.

Æskilegt væri að hlífa vistgerðum með hátt til mjög hátt verndargildi við útplöntun og gera ráð fyrir 100 m verndarjaðri meðfram þeim. Hið sama ætti að eiga við um vatnsbakka og

verndarsvæði, s.s. á náttúruminjaskrá eða hverfisverndarsvæði. Til að mynda er fyrirhuguð skógrækt í grennd við Oddaflóð, sem er friðlýst votlendi á náttúruminjaskrá.

### Almennar ábendingar um áhrif á fuglalíf

Suðurlandsundirlendið frá Markarfljóti vestur að Hellisheiði hefur verið skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði, m.a. vegna gífurlega hás þéttleika vaðfugla en flestar þessara tegunda eru svokallaðar ábyrgðartegundir Íslands og er þá miðað við að  $\geq 20\%$  af Evrópustofni viðkomandi tegundar nýti Ísland til varps eða komi hér við á ferðum sínum.

Umrætt svæði er það dreifbýli sem er undir hvað mestu álagi á Íslandi og eru ýmsar hættur sem steðja að vaðfuglum á svæðinu, einkum landnotkun sem leiðir til þess að búsvæði þeirra skerðast. Meðal þessara ógna eru áætlanir alviða um stórfellda aukningu í skógrækt en langflestar vaðfuglategundir eru háðar opnum, fremur snöggglendum búsvæðum og þrífast ekki í skóglendi (Tómas Grétar Gunnarsson, 2020). Við skógrækt tapast ekki einungis það svæði sem fer undir hana heldur hefur skógur einnig jaðaráhrif sem nær töluverða vegalengd út frá honum. Þessi jaðaráhrif lýsa sér þannig að þéttleiki margra vaðfugla er lægri þegar nær dregur skóginum en fjær. Því getur búsvæðatap vaðfugla vegna skógræktar verið umtalsvert meira en augljóst er í fyrstu.

Ísland er aðili að alþjóðlegum samningum um verndun lífríkis og þar ber hæst Samningur Sameinuðu Þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni (Convention on Biological Diversity), Bernarsamningurinn um verndun tegunda og vistgerða í Evrópu, og AEWA-samningurinn um farfugla í Atlantshafi. Með aðild sinni hefur Ísland skuldbundið sig að tryggja verndun tegunda og sérstaklega ábyrgðartegunda. Afar brýnt er að huga að þessum skuldbindingum, ekki einungis við aðgerðir er varða náttúruvernd, heldur ekki síður við ákvarðanir um skipulag og landnotkun sem geta haft mikil áhrif á búsvæði þessara tegunda.

Nauðsynlegt er að samræma markmið um verndun líffræðilegrar fjölbreytni og markmið í loftslagsmálum og er bent á þetta í skýrslu Milliríkjanefndar Sameinuðu þjóðanna (IPPC) (Pörtner o.fl. 2021) þar sem m.a. er varað við því að mótvægisáðgerðir sem fela í sér kolefnisbindingu með lífmassa, svo sem stórfelld skógrækt, geta verið skaðlegar fyrir líffræðilega fjölbreytni ef plantað er á svæðum þar sem sögulega hafa ekki verið skógar, sérstaklega ef um einhæfa ræktun er að ræða eða ef notaðar eru framandi tegundir sem reynast ágengar. Þá felist ekki síður tækifæri í kolefnisbindingu með verndun eða endurheimt kolefnisríkra vistkerfa á borð við votlendi og graslendi.

Þess vegna skiptir miklu máli við val á skógræktarsvæðum og ákvarðanir um umfang og eiginleika skógræktaráformanna að lagt sé mat á áhrif á fuglalíf og að ekki séu valin svæði sem vitað er að séu mikilvæg búsvæði með háum þéttleika tegunda. Sérstaklega ekki ef um er að ræða ábyrgðartegundir sem þola illa náþýli við skógrækt, eins og t.d. heiðlóu, spóa, jaðrakan og lóupræl. Eins og fram kemur hér á eftir eru nokkur af áformuðum skógræktarsvæðum í Rangárþingi ytra sem til umfjöllunar eru í skipulagslýsingunni af þessum toga og telur Náttúrufræðistofnun gilda ástæðu til að endurskoða þau áform.

Nýlega var opnuð vefsíða um landnotkun og áhrif á mófugla. Það er Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurlandi sem stendur að baki vefsíðunni og er þar að mati Náttúrufræðistofnunar að finna afar gagnlegar og greinargóðar upplýsingar, byggðar m.a. á nýlegum innlendum rannsóknum, sem eiga mikið erindi í alla ákvarðanatöku um landnotkun og skipulag dreifbýlis. Vefslóð síðunnar er <https://moi.hi.is/is>.

#### Ábendingar um einstök skógræktarsvæði

**Akurbrekka á Rangárvöllum**, um 17 km norðaustan við Hellu. Í Akurbrekku er nú þegar um 50 ha skógræktarsvæði en það verður stækkað í um 102,3 ha. Svæðið er nálægt Minna Hofi þar sem farið hafa fram athuganir á spóa sem þar verpur í miklum þéttleika.

Sambærilegar vistgerðir er að finna í landi Akurbrekku, t.d. língresis- og vingulsvist sem spói sækir í, og því líklegt að þéttleiki spóa á jörðinni sé töluverður. Ástæða væri til að kanna það betur. Náttúrufræðistofnun telur ekki heppilegt að stækka skógræktarsvæðið á þann hátt sem stefnt er að og frekar mætti skoða að græða upp svæði norðan við Rangárvallavegin þar sem er gróðursnaudara og hægt að beita skógrækt til að hemja útbreiðslu alaskalúpínu.

**Ártún sunnan við Þverá**. Þar er ekki áformað stórfelld skógrækt en svæðið er í dag að öllu leyti opið svæði og því ljóst að ásýndabreyting á landslagi verður umtalsverð. Innan jarðarinnar eru mjög auðug fuglasvæði, sérstaklega í votlendi. Hér þyrfti að liggja fyrir betri upplýsingar um nákvæma staðsetningu skógræktarinnar til að geta lagt mat á áhrif á fuglalíf og gróðurfar. Töluverð hætta er á að verið sé að rækta skóg í landi með hátt verndargildi og Náttúrufræðistofnun telur að endurskoða ætti þessi áform.

**Bjalli í Landsveit**. Gert ráð fyrir 44,4 hektara skógræktarsvæði. Jörðin er að stórum hluta sandblásið hraun og að mati Náttúrufræðistofnunar kemur vel til greina að beita ræktun á birki í anda Hekluskóga til að græða landið.

**Galtalækur í Landsveit**. Gert er ráð fyrir afar stóru skógræktarsvæði, sem er rétt undir viðmiðum um skógrækt sem fellur undir mat á umhverfisáhrifum framkvæmda. Ekki er ljóst hvort um nýskógrækt er að ræða að öllu leyti eða stækkun á núverandi skógræktarsvæði. Hér er líklegt að mófuglalíf sér ríkulegt miðað við gróðurfar og nauðsynlegt að gera úttekt á því áður en hafist er handa við að skipuleggja skógræktina. Þarna er töluvert um vallendi sem ætti að hlífa við skógrækt. Vatnsföll ættu einnig að hafa jaðarsvæði upp á 100 m, þ.e.a.s ekki rækta skóg innan þess svæðis. Náttúrulegur birkiskógur er nokkuð víðfedmur á þessum slóðum og við tegundaval ætti að horfa til þess að styrkja undirstöður hans frekar en að velja framandi tegundir.

**Geitasandur á Rangárvöllum**. Þar er gríðarstórt landgræðslu- og skógræktarsvæði sem stefnt er að því að stækka lítillega. Vegna stærðar svæðisins og landslags ætti að horfa til innlendra tegunda til að forðast hættu á að framandi tegundir dreifi sér út fyrir svæðið og til að minnka ásýndaráhrif. Svæðið er lítt gróið og hefur því ekki sérlega hátt verndargildi.

**Heiðarbakki á Rangárvöllum**. Gert ráð fyrir um 119 hektara skógræktarsvæði en nákvæm staðsetning er frekar óljós. Tækifæri fyrir uppgræðslu eru til staðar enda víða rýrt land en miðað við lýsingu á vistgerðum er líklegt að mófuglalíf geti verið ríkulegt, a.m.k. á hluta

svæðisins. Mikilvægt er að kanna það frekar til að geta skipulagt skógræktina þannig að hún raski ekki búsvæðum fugla.

**Maríuvellir á Rangárvöllum.** Gert ráð fyrir 39 hektara skógræktarsvæði. Svæðið er frekar lítt gróið og áfok umtalsvert. Náttúrufræðistofnun telur skógrækt í anda Hekluskóga geta vel gert gagn til að hefta áfok.

**Minna-Hof á Rangárvöllum.** Gert er ráð fyrir 21 hektara skógræktarsvæði. Á svæðinu hafa farið fram rannsóknir á spóa sem þarna verpur í miklum þéttleika. Kjóar eiga sér þar einnig óðal en tegundin er á válista. Hlífa ætti búsvæðum þessara fuglategunda eins og hægt er. Svæðinu hefur þó verið raskað með, vegagerð og ef til vill hefur verndargildi svæðisins þegar rýrnað. Leggja þyrfti nákvæmara mat á það.

**Vindás í Landsveit.** Gert er ráð fyrir stóru skógræktarsvæði eða 147 hekturum. Þar er töluverð skógrækt fyrir en ekki með öllu ljóst hvort um nýskógrækt eða stækkun sé að ræða. Mikið er um votlendi á jörðinni ásamt vallendi og mólendi. Fuglalíf er líklegt til að vera ríkulegt og nauðsynlegt er að leggja mat á þéttleika mófugla áður en haldið er áfram með frekari áform. Töluverð hætta er á að verið sé að rækta skóg í landi með hátt verndargildi og Náttúrufræðistofnun telur að endurskoða ætti þessi áform.

**Ölversholt í Holtum.** Gert ráð fyrir frekar litlu skógræktarsvæði en svæðið er algróið og þar eru gróskumikil gras-, kjarr- og votlendissvæði. Fuglalíf er líklegt til að vera ríkulegt og nauðsynlegt að leggja betra mat á það. Töluverð hætta er á að verið sé að rækta skóg í landi með hátt verndargildi og Náttúrufræðistofnun telur að endurskoða ætti þessi áform.

## Samantekt

Náttúrufræðistofnun telur að áætluð áform um skógrækt í Rangárþingi ytra krefjist flest endurskoðunar í ljósi verndargildis svæðanna, sérstaklega fyrir fuglalíf. Nokkur svæðin sem eru til skoðunar eru við fyrstu skoðun afleit skógræktarsvæði að mati Náttúrufræðistofnunar. Það eru sérstaklega svæði þar sem votlendi er ríkulegt sem og annað gróðurlendi sem er búsvæði fyrir mófugla. Um er að ræða ábyrgðartegundir og nauðsynlegt að vernda búsvæði þeirra.

Svæðin sem Náttúrufræðistofnun telur alls ekki henta fyrir skógrækt eru Ártún, Vindás og Ölversholt. Svæði sem þarf að skoða betur með tilliti til mófuglavarps eru Akurbrekka, Galtalækur, Heiðarbakki og Minna-Hof. Þar þarf að taka upplýsta ákvörðun um hvort skógrækt sé æskileg eða ekki.

Skógrækt til landgræðslu í anda Hekluskóga er vel fýsileg að mati Náttúrufræðistofnunar í Bjalla, Geitasandi og á Maríuvöllum. Til að draga úr hættu á að framandi tegundir dreifist utan skógræktarsvæða og til að samrýmast betur náttúrulegri ásýnd landslags ætti að horfa frekar til notkunar birkis og annarra íslenskra tegunda fremur en framandi barrtrjáa, sérstaklega á ósnortnum svæðum fjarri mannvirkjum.

Við skógrækt þarf að vanda mjög staðarval og aðferðafræði til að koma í veg fyrir tjón á mikilvægum búsvæðum fugla eða vistgerðum með hátt verndargildi. Þá má ekki horfa fram hjá því að öflug kolefnisbinding fer þegar fram í öðrum náttúrulegum gróðurlendum þar sem gróðurþekja er góð og frekar ætti að einblína á að efla gróðurþekju (og þar með kolefnisbindingu) á rýrum svæðum með landgræðslu af ýmsum toga.

Náttúrufræðistofnun er tilbúin til frekari ráðgjafar og samtals varðandi mat á áhrifum skógræktar og skipulag skógræktar í Rangárþingi ytra ef þess er óskað.

Virðingarfyllst,



Snorri Sigurðsson  
Sviðsstjóri náttúruverndar